

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1001

Dagsetning: 25. október 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Jónas Guðmundsson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir (sat fundinn undir liðum 1-7 og 12-14), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (sat fundinn undir liðum 1-4 og 12-14), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (sat fundinn undir liðum 1-13), Sigrún Þóra Sveinsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson (í gegnum fjarfundabúnað), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðustu funda

Fundargerðir framkvæmdastjórnar HH frá 10. október og 17. október samþykktar samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Starfsmannamál

Umræður ýmis starfsmannamál.

4. Frumvörp í samráðsgátt

Rætt um að senda umsögn um frumvarp í samráðsgátt stjórnvalda um árangurstengda fjármögnun háskóla og reglur um fjárframlög til háskóla. Einnig rætt um nám í ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun.

5. Fjarvinnustefna HH

Umræðu frestað til næsta fundar.

6. Starfsfólk í landsliðsverkefnum

Umræður um stefnu HH vegna landsliðsverkefna starfsfólks. Mannauðsdeild athugar

7. Mæðravernd

Rætt um stöðuna hjá mæðravernd þar sem áskoranir eru framundan tengt mönnun.

8. Rannsókn á streitustjórnunartæki

Kynning á leið til streitustjórnunar, HRV biofeedback, en unnið er að tilviks- og hagkvæmnisrannsókn á því hvort heppilegt gæti verið að innleiða þessa leið hjá HH.

9. Árshátíð HH

Rætt um undirbúning fyrir árshátíð HH 2024. Ákveðið að vinna málið áfram og ræða á næsta fundi.

10. Samningur við Dómus barnalækna

Samningur við Dómus barnalækna um greiningar á ASDH fyrir Geðheilsumiðstöð barna er útrunninn. Gagnkvæmur áhugi er á að gera nýjan samning.

11. Samningur við Peizer

Samningur við Peizer er útrunninn og nauðsynlegt að endurnýja samninginn með skýrum ramma um verkefni.

12. Heilsugæslan Efstaleiti

Umræður um stöðuna hjá Heilsugæslunni Efstaleiti og næstu skref.

13. Aukið samstarf í Breiðholti

Rætt um aukið samstarf og mögulega sameiningu heilsugæslustöðvanna í Efra-Breiðholti og í Mjódd.

14. Húsnæðismál

Rætt um stöðuna á flutningum í Vegmúla og það sem á eftir að gera.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:50